

# Fundargerð 49. fundar

## Ungmennaráð 14. maí

Mánudaginn 14.maí 2018 kl. 20.00 kom ungmennaráð til fundar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

**Fundinn sátu:** Jakob Unnar Sigurðsson, Oskar Rybinski, Katla Ýr Gautadóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Solveig Þóra Þorsteinsdóttir.

Óskar Ragnarsson var fjarverandi

Einnig sat fundinn Ingvar Jónsson, starfsmaður ráðsins.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Dís Jóhannesdóttir

### 1. Ungmennafing

#### a) Umræðuefni

- Samgöngur
- Íþróttta-, æskulýðs- og skólamál
- Umhverfismál og viðburðir
- Önnur mál(Nýjungar, aðstaða og fleira)

#### b) **Þemur aðilum frá hvoru framboði til sveitarstjórnakosninga verður boðið á þingið.**

#### c) Skipulag þingsins

- 10 mínútna umræður verða á hverjum stað og svo fer hópurinn á næsta borð.
- Nefndarmenn skrá niður umræðupunkta sem verða á hverju borði
- Þjóða þinggestum að skrifa spurningar fyrir frambjóðendum stjórnmalaflokkanna tveggja sem koma og hafa box fyrir spurningar á hverju borði
- Frambjóðendur mæta kl. 20.45 og halda smá kynningu á framboðinu og svara svo spurningum þinggesta.
- Pizzur verða í boði fyrir þinggesti eftir umræðurnar.

### 2. Þingið undirbúið

- Nefndarmenn prentuðu út spjöld fyrir umræðuefnin o.fl. sem þurfti fyrir þingið.

### 3. Setja meðlimi ungmennaráðs í nefndir

Á fundinum var rætt að eitthvað hafi misfarist í að halda nefndarfólki ungmennaráðs sem áheyrnarfulltrúum annarra nefnda sveitarfélagsins. Lögum þetta með tilkomu nýrrar sveitastjórnar.

**Fundi slitið klukkan 21:05**